

Skipulagsstofnun
Inga Birna Ólafsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 28. júlí 2016
UST201606-100/B.S.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Laxar fiskeldi. Umsögn

Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að byggja nýja eldisstöð til áframeldis á laxaseiðum á iðnaðarlóð við Laxabraut 9 í Þorlákshöfn. Þar verða seiðin alin upp í all að 600 grömm og mun lífmassi í stöðinni ekki fara yfir 500 tonn á hverjum tíma.


Fram kemur í greinargerð að auk neysluvatns sem keypt verður af Vatnsveitu Þorlákshafnar er ætlunin að bora innan iðnaðarlóðar eftir köldu vatni og jarðsjó. Að mati jarðfræðings mun þessi vatnstaka ekki hafa nein teljandi áhrif á grunnvatn þar sem á svæðinu er stór samfelldur grunnvatnsstraumur og Norður-Atlantshafið leggi til nægjanlegan jarðsjó.


Í greinargerð er áætlað að losun frá seiðaeldinu nemi árlega allt að 28,89 tonnum af köfnunarefni og 4,10 tonnum af fosfór. Viðtaki er Atlantshafi sem er skilgreindur sem síður viðkvæmur viðtaki þar sem um er að ræða opið haf og auk þess stórbrimasamt strandsvæði. Í greinargerð kemur fram að framkvæmdaraðili telji nær engar líkur á sammögnunaráhrifum eða samlegðaráhrifum með annarri svipaðri starfsemi á aðliggjandi iðnaðarlóðum.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Svava Pétursdóttir
Lögfræðingur